

# HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

## STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Strákatindur ehf.  
kt. 711013-0750

Starfsstöð: Skjaldþingsstöðum, 690 Vopnafjörður

Leyfið gildir frá 20. mars 2020 til 20. mars 2032

### Um er að ræða starfsleyfi fyrir

- söfnun og flutningi á sérstökum úrgangi og seyru

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skytt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svabjörnsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi



**HAUST**  
Heilbrigðiseftirlit Austurlands

# Starfsleyfisskilyrði

## Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsleyfishafi: Strákatindur ehf., kt. 711013-0750

Starfsstöð: Skjaldþingsstöðum, 690 Vopnafjörður

Leyfið gildir frá 20. mars 2020 til 20. mars 2032

Um er að ræða starfsleyfi fyrir:

- **söfnun og flutning á sérstökum úrgangi og seyru**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum og á grunni umsóknar dags. 13. febrúar 2020.

Lög sem um starfsemina gilda eru m.a.

- *Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.*
- *Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br.*

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda s.s.

- *Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit*
- *Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru*
- *Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni m.s.br.*

### **1. Lýsing á starfseminni og skilyrði sem gilda**

---

Starfsemi fyrirtækisins felst í holræsaheinsun, þ.e. stíflu- og lagnahreinsun, tæmingu rotþróa og flutningi á seyru, brunnum, fituskiljum, sandföngum o.þ.h.

Um starfsemina gilda m.a.

- *Reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi*
- *Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi*
- *Sértæk starfsleyfisskilyrði fyrir hreinsanir á fráveitukerfum, tæmingar á rotþróum, ræsum, skiljum, olútönkum og skyldum búnaði.*

### **2. Mengunarvarnir**

---

Starfsleyfishafi skal eins og kostur er fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs og/eða lagar sem kann að stafa frá starfsemi fyrirtækisins með viðeigandi aðferðum og mengunarvarnarbúnaði. Starfsleyfishafi skal beita samþættum mengunarvörnum þar sem það á við, svo að ráðstafanir til að draga úr tiltekinni mengun í einum viðtaka valdi ekki eða auki mengun í öðrum. Beita skal bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir í þeim tilvikum sem hún hefur verið skilgreind.

Engar breytingar verði gerðar á frárennsli sem skerði mengunarvarnir sem fyrir eru né takmarki möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni.

### 2.1. Mengunarvarnir

Samkvæmt umsókn er til staðar olúgildra, fitugildra, slógbrunnur og sandfang.

### 2.2. Mengunarvarnabúnaður

Mengunarvarnarbúnaður, t.d. sérstök ídræg efni eða mottur, skal vera tiltækur til að bregðast við minni mengunaróhöppum. Auk þess skal hafa tiltækan búnað til að loka niðurföllum eða hindra á annan hátt að olía geti borist í niðurföll.

### 2.3. Meðferð úrgangs

Skylt er að nota sorpilát sem Heilbrigðiseftirlit hefur samþykkt.

Spilliefnum skal skila til viðurkenndrar móttökustöðvar og taka kvittanir fyrir skilum.

### 2.4. Lóð og umhverfismál

Umgengni um lóð og athafnasvæði skal vera góð og lóðamörk skulu virt. Rekstraraðili skal halda athafnasvæði sínu snyrtilegu og tryggja að þar séu engir hlutir eða efni sem ekki tilheyra starfseminni.

## 3. Innra eftirlit og skráningar

---

Rekstraraðili skal viðhafa eigið eftirlit með starfseminni sem m.a. er fólgin í skráningu á eftirfarandi ef við á:

- Kvittunum vegna skil á spilliefnum skal haldið til haga og þær skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila til skoðunar í starfsstöðinni.
- Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
- Halda skal skrá yfir olúgeyma starfstöðvar, þ.e. fyrir neyslu-, húsa- eða lausageyma sem eru í notkun.

## 4. Mengunarslys

---

Komi til atvika sem geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið skal tafarlaust gripið til ráðstafana til að hindra að efni eða úrgangur berist í umhverfið eða í niðurföll.

Slík atvik skal tilkynna til Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

20. mars 2020

Virðingarfyllst,

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svabjörnsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi

20. mars 2020

Strákatindur ehf.  
Skjaldþingsstöðum,  
690 Vopnafjörður

**Greinargerð um útgáfu starfsleyfis fyrir Strákatind ehf. vegna söfnun og flutning á sérstökum úrgangi og seyru**

Umsókn um starfsleyfis vegna söfnun og flutning á sérstökum úrgangi og seyru barst 13.2.2020. Umsækjandi er Stákatindur ehf., kt. 711013-0750.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins hefur verið í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Drög að starfsleyfi voru útbúin og auglýst á heimasíðu HAUST þann 20. febrúar sl. og veittur fjögurra vikna frestur til athugasemda. Frestur til að gera athugasemdir rann út þann 19. mars 2020.

Engar athugasemdir bárust við starfsleyfisdrögin innan auglýsts frests.

Engar breytingar voru gerðar á útgefnu starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

Virðingarfyllst, f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svabjörnsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi